

Fimmtudaginn 11. desember 1997.

Nr. 131/1997.

Hannibal Sigurvinsson

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

gegn

Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Vinnuslys. Skaðabætur. Örorka. Líkamstjón. Sakarskipting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1.770.397 krónur með 2% ársvöxtum frá 1. nóvember 1993 til 26. júní 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt Tryggingamiðstöðinni hf. fyrir Hæstarétt til réttargæslu.

I.

Í héraðsdómi er lýst aðstæðum um borð í vélskipinu Sæfelli, ÍS-820, þar sem áfrýjandi vann að viðgerð á stýrisvél skipsins 27. október 1993. Hafði skipið þá verið í dráttarbraut í nokkrar vikur, en af gögnum málsins verður ráðið, að vinnu við það hafi verið lokið þennan sama dag. Var áfrýjandi settur til starfa við stýrisvélina til aðstoðar Loga Halldórssyni, sem var í verkinu fyrir. Mun áfrýjandi hafa orðið fyrir slysi því, sem málið er sprottið af, eftir hádegi umræddan dag.

Til að komast að stýrisvélinni í skipinu þurfti að fara af efra þilfari niður á hið neðra. Ber áfrýjanda og Loga saman um, að umferðarleið milli þilfara um stiga hafi verið teppt, en þeir hafi nokkrum sinnum þurft að fara þar á milli, meðal annars til að sækja verkfæri. Þeir hafi því viðhaft þá aðferð að stíga utan í skipssíðuna, þar sem fótfasta var, og vega sig síðan upp á efra þilfar. Þangað hafi

þeir því komið nánast liggjandi á grúfu. Er áfrýjandi reis síðan upp í síðustu ferð sinni, skall hann með höfuðið á járnör með þeim afleiðingum, að hann féll niður á neðra þilfar og slasaðist.

Í framburði Loga kemur fram, að litlu hafi munað, að hann ræki sig sjálfur í rörið í einni slíkri ferð. Hafi honum verið ljós hættan af þessu. Hann bar einnig, að unnt hefði verið að koma fyrir lausum stiga á milli þilfara til afnota við framkvæmd verksins. Er ljóst, að með því að nota hann hefði áfrýjandi haft járnörrið fyrir augum, er upp var komið, og því verið mun hægara að vara sig á hindrunum en ella.

Umrætt verk var þegar hafið, er áfrýjandi kom að því. Í skýrslu sinni fyrir dómi bar Guðmundur Valur Sigurðsson verkstjóri, að venjan hefði verið sú, að sá, sem var fyrir í verki, hefði haft yfirumsjón með því. Við þær aðstæður, sem þarna voru, verður áfrýjanda ekki virt til sakar að hafa ekki að eigin frumkvæði útvegað lausan stiga til að tryggja betur öryggi sitt og samstarfsmanns síns, enda stóð verkstjórnendum það nær að tryggja, að starfsskilyrði væru í lagi, og hlutast til um slíkar öryggisráðstafanir, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Verður fallist á með áfrýjanda, að bótaskylda stefnda sé í gildi af þessum sökum.

Er áfrýjandi slasaðist, hafði hann farið nokkrar ferðir á milli þilfara. Honum var því kunnugt um hindrunina, sem hann lenti á, og hefði með fullri aðgæslu mátt forðast hana. Hann á því sjálfur nokkra sök á því, hvernig fór. Þykir rétt, að áfrýjandi beri tjón sitt að hálfu vegna eigin sakar.

II.

Einn liður í kröfugerð áfrýjanda fyrir héraðsdómi var vegna útlagðs kostnaðar. Fyrir Hæstarétti hefur hann felld þennan lið úr kröfugerðinni, en telur hann til málskostnaðar. Lækkar höfuðstóll kröfu hans sem því nemur. Stefndi vefengir ekki mat á varanlegri örorku og miska áfrýjanda, og enginn tölulegur ágreiningur er um kröfugerð hans. Verður hún því lögð til grundvallar dómi.

Áfrýjandi fékk 30. maí 1996 greiddar bætur úr slysatriggingu stefnda, 236.970 krónur, auk vaxta. Dregst sú fjárhæð frá kröfu áfrýjanda, sbr. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Samkvæmt

Þessu verður stefnda gert að greiða áfrýjanda 766.714 krónur með vöxtum, eins og í dómsorði greinir. Þá skal stefndi greiða áfrýjanda málskostnað, sem verður ákveðinn sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., greiði áfrýjanda, Hannibal Sigurvinssyni, 766.714 krónur með 2% ársvöxtum frá 1. nóvember 1993 til 26. júní 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 23. desember 1996.

Ár 1996, mánudaginn 23. desember, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í málinu nr. E-746/1996: Hannibal Sigurvinsson gegn Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf. og Tryggingamiðstöðinni hf. til réttargæslu.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. nóvember sl., var höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu, birtri 11. og 12. júní 1996.

Málið er höfðað af Hannibal Sigurvinssyni, kt. 150265-2909, Blesugróf 21, Reykjavík, á hendur Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., kt. 590269-4099, Sjávargötu 6-12, Njarðvík, og Tryggingamiðstöðinni hf., kt. 660269-2079, Aðalstræti 6-8, Reykjavík, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 1.854.103 kr. með 2% vöxtum af 1.770.397 kr. frá 1. nóvember 1993 til 18. júní 1996, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 1.854.103 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi, að sér verði tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Aðalkrafa stefndu er, að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins.

Til vara krefjast stefndu þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða aðra, en lægri fjárhæð en dómkröfur stefnanda hljóða upp á og að málskostnaður verði felldur niður.

Málsástæður og önnur atvik.

Stefnandi slasaðist 27. október 1993 við vinnu sína sem vélvirki hjá stefnda, þar sem hann hafði unnið í tvö ár. Stefnandi lýsir málavöxtum

þannig, að hann hafi verið í öðru verki, þegar Guðmundur Valur Sigurðsson, verkstjóri hjá stefnda, hafi sagt sér að fara um borð í ms. Sæfell, ÍS-820, sem var til viðgerðar í dráttarbraut stefnda, og aðstoða Loga Halldórsson við að gera við stýrisvél skipsins. Um algengt verk hafi verið að ræða, sem stefnandi hafi oft unnið við áður. Ekki hafi verið unnt að komast að stýrisvélinni nema með því að fara af efra dekki. Enginn stigi hafi verið, og hafi þeir þurft að vega sig með handafli rúmlega tvo metra milli dekkja. Þetta hafi verið illmögulegt. Stefnandi hafi haft orð á því við Loga, að stiga vantaði, en Logi ekki ansað því. Legið hafi á að ljúka verkinu. Stefnandi hefði örugglega náð í stiga, ef hann hefði stjórnað verkinu. Til að komast upp á efra dekk hafi hann orðið að stíga á brik stjórnborðs megin í um hálfs metra hæð og grípa í brún dekksins og vega sig þannig upp. Stefnandi hafi verið að rísa upp á efra dekki, þegar hann hafi rekið höfuðið í fimm tommu rör, sem legið hafi þversum inn á dekkið. Stefnandi hafi verið búinn að fara þrjár til fjórar ferðir, áður en slysið varð, en ekki orðið var við rörið. Hann hafi rekið höfuðið í rörið af það miklu afli, að hann hafi vankast og fallið aftur fyrir sig a. m. k. tvo metra niður á neðra dekk, þar sem hann hafi lent á bakinu. Hafi Logi hjálpað sér frá borði, hann hefði ekki komist hjálparlaust. Þeir hafi farið til Guðmundar Vals verkstjóra. Sjálfur hafi hann gert lítið úr meiðslum sínum og farið akandi heim. Stefnandi hafi ekki leitað læknis fyrr en tveimur dögum eftir slysið og þá einkum vegna áverka á sköflungi, en auk þess hafi hann allur verið aumur og bak og herðar marið. Einnig hafi verið farið að grafa í fætinum á sér. Stefnandi hafi verið frá vinnu í um tvær vikur. Fljótlega eftir slysið hafi hann farið að fá höfuðverk svo og háls-, brjóst- og lendabakverk. Stefnandi hafi þó ekki leitað læknis. Þar sem hann hafi talið, að þetta myndi lagast með tímanum. Verkirnir hafi hins vegar stöðugt farið versnandi, og haustið 1994 hafi hann verið orðinn mjög slæmur. Stefnandi hafi ekki farið til læknis fyrr en í desember 1994.

Páll B. Helgason læknir hafi verið fenginn til að meta, hvort orsakir verkjanna gætu verið einhverjar aðrar en slysið. Í mati hans segi: ... „telur undirritaður einsýnt, að slasaði ... hafi orðið fyrir meiðslum, sem valda viðvarandi verkjum í höfði, hálshrygg, brjósthrygg og lendahrygg, og hafi þetta ástand skapast í kjölfar meiðslanna sem afleiðing þeirra, enda verður ekki annað séð. ... Sé um bótaskyldu að ræða vegna vinnuslyss, er talið, að hún sé án efa fyrir hendi“.

Að sömu niðurstöðu hafi Júlíus Valsson læknir komist í örorkumati, en þar segi: „Önnur slys eða sjúkdómar teljast ekki eiga þátt í örorku slasaða nú.“

Stefndi hafi enga rannsókn látið fara fram á slysinu, eins og skylt sé. Hins

vegar hafi að kröfu fyrrverandi lögmanns stefnanda farið fram rannsókn á því, en hún hafi verið afar takmörkuð og ekki farið fram fyrr en haustið 1995. Ýmislegt um aðdraganda slyssins og aðstæður á vinnustað sé því á huldu.

Bótakrafa stefnanda sundurliðast þannig:

1. Varanleg örorka	kr.	1.209.897
2. Varanlegur miski	–	425.500
3. Þjáningarbætur	–	135.000
4. Útlagður kostnaður	–	83.706
Samtals	kr.	1.854.103

Liður 1 byggist á 10% örorku skv. mati Júlíusar Valssonar læknis. Liður 2 er reiknaður þannig: 4.000.000, sbr. 4. gr. skaðabótalaga, $\times 4393/3282$, vísitöluhækkun, sbr. 15. gr. skaðabótalaga, námundað í hálf túsund, $\times 10\% = 425.500$. Varanlegur miski, 10%, byggist á örorkumati Júlíusar Valssonar læknis. Liður 3 er reiknaður þannig: 700, sbr. 3. gr. skaðabótalaga, $\times 4393/3282$, vísitöluhækkun, sbr. 15. gr. skaðabótalaga, námundað í heilan tug, $\times 180 = 425.500$ (sic). Veikindadagar, 180, eru byggðir á örorkumati Júlíusar Valssonar læknis. Liður 4 er samkvæmt fram lögðum reikningum.

Stefnandi gerir kröfu um, að liðir 1, 2 og 3 beri 2% vexti frá slysdegi, 23. október 1993, til 18. júní 1996, en þann dag hafi verið liðinn mánuður, frá því að stefnandi lagði fram þær upplýsingar, er þurfti til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 1. ml. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Öll krafan beri dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Þar sem ekki hafi verið fallist á bótakröfur stefnanda, sé málshöfðun óumflýjanleg. Tryggingamiðstöðinni hf. sé stefnt til réttargæslu, þar sem félagið sé ábyrgðartryggjandi stefnda.

Helstu málsástæður stefnanda eru:

- Að stefndi beri ábyrgð á tjóni stefnanda, þar sem tjónið hafi orðið vegna saknæms aðgæsluskorts af hálfu verkstjóra stefnda sem og annarra starfsmanna hans, að verkstjórn hafi verið ábótavant, að ekki hafi verið gætt reglna um öryggi á vinnustað og að einhver starfsmanna stefnda hafi af gáleysi valdið stórkostlegri hættu á vinnustaðnum með því að láta járnror standa þvert yfir efra dekk skipsins, þar sem stefnandi var að störfum.
- Að stefndi beri sjálfstætt ábyrgð á tjóni stefnanda á grundvelli reglna um hlutlaga ábyrgð vinnuveitanda vegna hættulegrar starfsemi og hættulegra aðstæðna.

- c. Að sú staðreynd, að stefndi sinni ekki þeirri lögboðnu skyldu að láta rannsókn fara fram á slysinu, eigi að leiða til þess, að stefndi beri halla af sönnunarskorti um öll þau atriði, sem ekki eru að fullu upplýst í málinu.
- d. Að stefnda beri að greiða stefnanda bætur í samræmi við skaðabótalög nr. 50/1993. Því beri stefnda að greiða stefnanda bætur vegna varanlegrar örorku, varanlegs miska og þjáninga, og skuli þær bætur bera 2% vexti, sbr. 15. gr. skaðabótalaga, frá slysdegi, og að stefnda beri að greiða stefnanda útlagðan kostnað, sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga.
- e. Að stefnda beri að greiða stefnanda allan kostnað hans af málinu, sbr. 1. ml. 1. gr. skaðabótalaga og málskostnaðarreglur einkamálaréttarfars, einkum 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- f. Að stefnda beri að greiða stefnanda dráttarvexti af kröfunni frá 18. júní 1996, sbr. 1. ml. 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Varðandi bótaskyldu vísar stefnandi til meginreglna skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitanda vegna sakar starfsmanns hans sem og um uppsafnaða sök og sök ótilgreindra starfsmanna. Þá vísar stefnandi til meginreglna skaðabótaréttarins um hlutlæga bótaábyrgð vegna hættulegrar starfsemi. Varðandi umfang bótaréttar og fjárhæðir bóta vísar stefnandi til skaðabótalaga nr. 50/1993. Kröfu sína um dráttarvexti styður stefnandi við lög nr. 25/1987, III. kafla, og kröfu sína um málskostnað við lög nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að ekkert liggi fyrir í málinu um, að verkstjórn hafi verið ábótavant. Stefnandi hafi fengið fyrirmæli frá verkstjóra um að fara í verk það, sem hann var að vinna að, er hann slasaðist. Starfsmaður sá, sem fyrir hafi verið í verkinu, hafi fengið fyrirmæli frá verkstjóra um framkvæmd verksins. Ekki verði ætlast til þess, að verkstjóri geti staðið yfir starfsmönnum og fylgst með þeim við vinnu þeirra. Þá sé ljóst, að verkstjóri geti ekki fyrirskipað mönnum í smáatriðum, hvernig þeir eigi að standa að verki hverju sinni. Stefnandi sé lærður vélvirki, og hefði honum verið í lófa lagið að ná í stiga, hefði honum ekki litist á að vinna verkið án stiga.

Mótmælt er þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann hafi mælst til þess við starfsfélaga sinn, að stigi yrði notaður, en því verið hafnað af hálfu starfsmannsins.

Vangaveltur stefnanda um, að ábyrgð stefnda kunni að byggjast á reglum um hlutlæga ábyrgð vinnuveitanda vegna hættulegrar starfsemi og hættulegra aðstæðna, stafi af misskilningi.

Ekki verði séð, að neinu breyti, að rannsókn fór ekki fram þegar eftir slysið. Sönnunargögn hafi ekki glatast, og atvik óhappsins séu í sjálfu sér óumdeild.

Vangaveltur um, að einhver annar starfsmaður stefnda hafi fært rörið til, séu fráleitar. Ekki hafi öðrum verið til að dreifa en stefnanda sjálfum og Loga Halldórssyni. Saman hafi farið óhappatilvik og óaðgæsla stefnanda sjálfs, og beri því að sýkna stefnda.

Komist dómurinn hins vegar að þeirri niðurstöðu, að um ábyrgð stefnda sé að ræða, er því haldið fram af hálfu stefnda, að stefnukrafan sé allt of há og hana beri að lækka. Byggist það á því, að stefnandi eigi verulega sök sjálfur, einnig því, að bætur úr slysatriðgingu komi til frádráttar, sbr. 5. gr., 4. mgr., skaðabótalaga nr. 50/1993.

Stefndi gerir ekki aðrar tölulegar athugasemdir við meðferð stefnanda á bótakröfu sinni en að því er mótmælt, að krafan beri dráttarvexti frá 18. júní 1996, og því haldið fram, að dráttarvextir komi einungis til álita eftir endanlega dómsuppsögu.

Logi Halldórsson gaf skýrslu fyrir dóminum. Hann skýrði svo frá, að fastur stigi sé við stýrisvélina, en hlemmur yfir stýrisvélina hafi í umrætt sinn verið opinn og festur í stigann. Þá minni sig, að hurð, sem þarna sé, hafi verið ryðguð föst. Hlemmurinn sé það stór, að erfiðara sé að klifra upp á hann og fara af honum upp stigann en fara þá leið, sem farin var á milli dekkja. Sér hafi ekki fundist tiltakanlega erfitt að fara á milli dekkja og muni ekki eftir því, að til tals hafi komið að sækja stiga. Þeir hafi verið búnir að fara nokkrum sinnum á milli, þegar slysið varð. Rörið, sem stefnandi hafi rekið sig í, sé fast. Hann hafi verið farinn nokkru á undan stefnanda og beðið eftir honum, þar sem stefnandi hafi þurft á aðstoð sinni að halda. Sér hafi flogið í hug, að stefnandi kynni að hafa rekið sig í rörið og hann hefði átt að vara stefnanda við því. Sér hafi verið ljós hættan, sem af rörinu stafaði. Beygja hafi þurft sig undir það, og í eitt skipti hafi hann sjálfur nærri verið búinn að reka sig í það. Stefnandi hafi verið að klöngrast upp, þegar hann hafi komið að, og sagst hafa dottið aftur fyrir sig. Hann muni, að stefnandi hafi verið slæmur í fæti.

Guðmundur Valur Sigurðsson verkstjóri gaf einnig skýrslu fyrir dóminum. Hann skýrði svo frá, að tólf menn hefðu verið undir sinni stjórn. Um algengt verk hafi verið að ræða, og því hafi hann ekki kynnt sér aðstæður sérstaklega. Venjan sé að senda einn vanan mann í hvert verk og annan óvanan og þeir meti, hvernig staðið skuli að verki. Algengast sé, að stigi sé um borð, en ef ekki, sé mönnum frjálst að ná sér í stiga eða nota aðrar leiðir. Sá, sem fyrir sé í verki, stjórnir því vanalega. Hann muni eftir því, þegar

stefnandi hafi komið á skrifstofu sína eftir slysið. Meiðsl hans hafi ekki þótt alvarleg og því ekki ástæða til að kalla til lækni. Ekki hafi komið til tals að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um slysið.

Niðurstaða.

Stefnandi, sem er vélvirki, hafði, er slysið varð, unnið í tvö ár hjá stefnda og var því vanur störfum um borð í skipum. Hann hafði að eigin sögn oft áður unnið að viðgerð á stýrisvélum skipa. Í ljósi þessa verður ekki talið, að á verkstjóra hafi hvílt skylda til að kynna sér aðstaður á verkstað sérstaklega, áður en stefnandi hóf verkið.

Logi Halldórsson hefur borið, að sér hafi ekki þótt tiltakanlega erfitt að fara á milli dekkja. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að illmögulegt hafi verið að komast það stigalaust. Telja verður því, að hann hafi mátt álíta hættu geta verið því samfara. Þrátt fyrir það útvegaði hann ekki stiga, og ósannað þykir, að hann hafi fært það í tal, að útvega þyrfti stiga. Stefnandi var búinn að fara nokkrar ferðir milli dekkja, er slysið varð. Samkvæmt framangreindu þykja ekki vera skilyrði til að leggja ábyrgð á því, að stigi var ekki, á aðra en stefnanda sjálfan. Um vanbúnað hafi ekki verið að ræða, sem stefndi beri ábyrgð á.

Ekkert þykir hafa komið fram í málinu annað en að rör það, sem stefnandi rak sig í umrætt sinn, hafi verið rör, sem fast er yfir uppkomuleiðinni. Logi Halldórsson hefur borið, að beygja hafi þurft sig undir rörið og sér hafi verið ljós hættan, sem stafaði af því. Þykir ekki trúverðugt, að stefnandi, sem var búinn að fara nokkrar ferðir á milli dekkja, þegar slysið varð, hafi ekki vitað af rörinu, fyrr en hann rak sig í það. Þykir því slysið einkum verða rakið til óvarkárni stefnanda.

Guðmundur Valur Sigurðsson verkstjóri hefur borið, að meiðsl stefnanda hafi ekki þótt alvarleg og því ekki ástæða til að kalla til lækni. Stefnandi hefur borið, að hann hafi ekki gert mikið úr meiðslum sínum og sjálfur ekið heim eftir slysið. Í ljósi þessa þykir ekki hafa verið sýnt, að áverkar stefnanda gætu valdið langvinnu eða varanlegu heilsutjóni. Þess vegna og þar sem ekki þykja vera vafaatriði um, hvernig slysið bar að, verður ábyrgð á tjóni stefnanda ekki lögð á stefnda vegna vanrækslu hans á tilkynningar-skyldu til Vinnueftirlits ríkisins.

Samkvæmt framanröktu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir eftir atvikum að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Ólóf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdóms-mönnunum Hans Linnet vélfræðingi og Ásgeiri Sölvasyni skipstjóra.

3671

D ó m s o r ð:

Stefndi, Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf., á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hannibals Sigurvinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
